# Ný stjórn Læknafélags Reykjavíkur

Á aðalfundi Læknafélags Reykjavíkur 27. maí urðu stjórnarskipti. Steinn Jónsson lyflæknir lét af formennsku eftir fjögurra ára setu og hluti af áhöfn hans. Ný stjórn er á myndinni: Sigurður Ólafsson meltingarlæknir, ritari, Þórdís Anna Oddsdóttir heimilislæknir, gjaldkeri, Reynir Arngrímsson erfðalæknir, varaformaður, Arna Guðmundsdóttir innkirtlalæknir, formaður, og Guðmundur Örn Guðmundsson bæklunarlæknir, meðstjórnandi.



*Nýja stjórnin var alla vega í stuði þegar hún var búin að vera við lýði í 5 mínútur. Myndir: Védís Skarphéðinsdóttir*



*Steinn var 100% öruggur á því að hann væri að skila ágætu búi 0LR, Sigurður Ólafsson er honum á hægri hönd.*



*Dögg Pálsdóttir lögfræðingur LÍ var ekkert að tvínóna við fundarstjórnina, og Jörundur Kristinsson var enga stund að útlista reikninga félagsins fyrir árið 2013.*